

SAMRUNAÁÆTLUN

Stjórn Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankas hf., kt. 700996-2559, annars vegar og stjórn Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf., kt. 700996-2479, hins vegar gera í dag svohljóðandi áætlun um samruna Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. við Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf.:

1. gr.

Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin með þeim hætti að Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf. er algerlega sameinaður Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf. með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku), sbr. XIV. kafli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, ákvæði VIII til bráðabirgða í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, sbr. einnig XII. kafli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003 eru því settar skorður að hlutabréfasjóður um sameiginlega fjárfestingu í verðbréfum sé starfræktur nema sjóðurinn sé rekinn af rekstrarfélagi verðbréfasjóða sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Vegna framgreindra breyting á rekstrarumhverfi Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. og vegna afnáms skattaafsláttar, telja stjórnir félaganna það vera hag hluthafa Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. að sameina félagið við Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Samþykktir Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. gilda óbreyttar um hið sameinaða félag.

2. gr.

Heimilisfang félagsins verður að Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

3. gr.

Við samrunann fá hluthafar yfirtekna félagsins hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðnum KB samval í skiptum fyrir hluti sína. KB samval er fjárfestingarsjóður sem sérstaklega er stofnaður af Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf., samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, vegna sameiningarinnar. Við sameininguna fá hluthafar Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. afhent 1 einingu í fjárfestingarsjóðnum KB samval í skiptum fyrir hverja krónu nafnverðs sem hluthafar eiga í Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf.

4. gr.

Við ákvörðun á skiptahlutfalli hlutabréfa í yfirtekna félaginu hefur markaðsverð á hlutabréfum í yfirtekna félaginu og hlutdeildarskírteinum í fjárfestingarsjóðnum KB samval, sem stofnað er til vegna sameiningarinnar, verið haft til hliðsjónar auk fjárhagslegrar stöðu, afkomu, markaðsstöðu og framtíðarhorfa. Þá hefur verið litið til ársreikninga og annarra upplýsinga um rekstur þeirra og fjárhagsstöðu. Allar eignir og skuldir sem tilheyra Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf. verða yfirfærðar inn í KB samval í tengslum við samrunann.

5. gr.

Réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skal teljast reikningslega lokið á samrunadegi, 30. júní 2004. Frá þeim degi tekur Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. við öllum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins.

6. gr.

Við mat á eignum og skuldum er byggt á endurskoðuðum árshlutareikningum félaganna. Hjá Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka er byggt á endurskoðuðu 6 mánaða uppgjöri fyrir tímabil sem endar 30. júní 2004, en hjá Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans er byggt á endurskoðuðu 2ja mánaða uppgjöri fyrir tímabil sem endar einnig 30. júní 2004.

7. gr.

Hvorki hluthafar, stjórnendur, lánardrottinn né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra við þennan samruna. Ekki verða gerðar neinar ráðstafanir í tengslum við samrunann til hagsbóta eigendum félaganna, stjórnendum, lánardrottnum eða öðrum.

8. gr.

Samþykktir Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. breytast ekki við sameininguna.

9. gr.

Það er skilyrði fyrir samruna samkvæmt þessari samrunaáætlun að hluthafafundur hvors félags samþykki samrunann með auknum lögbundnum meirihluta, sbr. 1. mgr. 124. gr., sbr. 93. gr. og 2. mgr. 124. gr., sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 1. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Það er jafnframt skilyrði fyrir samruna þessum að Fjármálaeftirlitið staðfesti samrunann fyrir sitt leyti, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá er samruninn gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppnisstofnunar, sbr. 18. gr. laga nr. 8/1993.

10. gr.

Til staðfestingar þessari samrunaáætlun undirritar stjórn hvors félags þessa samrunaáætlun.

Reykjavík, 22. nóvember 2004

Stjórn Hlutabréfasjóðs
Búnaðarbankans hf.

Stjórn Rekstrarfélags
Kaupþings Búnaðarbanka hf.
